

**Umsögn – Stjörnuhóls kt 461217-0870 vegna leigueignar:**

Á undanförnum árum hefur fjöldi lögaðila endurnýjað og/eða byggt íbúðarhúsnæði í Grindavík og þannig lagt sitt lóð á vogaskálar til lausnar á þeim húsnæðisvanda sem vaxið hefur hér á landi síðustu misseri. Í kjölfar hamfaranna á Reykjanesskaga, og takmörkun ríkisvaldsins á aðgengi og afnotum á íbúðarhúsnæði, hafa lögaðilar hvorki getað selt sitt íbúðarhúsnæði né leigt út og haft af því tekjur. Ljóst er að eigið fé lögaðila sem bundið í íbúðarhúsnæði í Grindavík verður ekki nýtt til að fjármagna byggingu nýs húsnæðis.

Höfum áður sent inn umsögn vegna mál nr. S-38/2024 og einnig vegna 675. mál, lagafrumvarp RSS þjónusta 154. löggjafarþing 2023–2024. Það hefur ekki enn verið tekið tillit til okkar umsagna. Við bendum á réttindi og skyldum tengt íbúðarhúsnæði þar sem lögaðilar og einstaklingar ættu að lúta sömu reglum og lögum. Því sama ábyrgð er til staðar gagnvart þriðja aðila, þ.e.a.s höfum við þurft að greiða af lánum og fasteignagjöldum að fullu og ekki hlotið neinn stuðning.

Þegar um er að ræða atvinnustarfsemi sem byggir á útleigu húsnæðis í Grindavík þá nær þessi rekstrarstuðningur ekki um slíka starfsemi og gætir því ekki jafnræðisreglna og það þarf að bæta.